

Nd.

458. Frumvarp til laga

[213. mál]

um almennar náttúrurannsóknir og Náttúrufræðistofnun Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 84. löggjafarþingi, 1963—64.)

I. KAFLI

Almennar náttúrurannsóknir.

1. gr.

Með almennum náttúrurannsóknnum er í lögum þessum átt við undirstöðurannsóknir í dýrafræði, grasafræði, jarðfræði og landfræði, sem ekki eru unnar beinlínis í þágu atvinnuveganna. Menntamálaráðherra hefur yfirumsjón allra slíkra rannsókna.

2. gr.

Náttúrufræðingum, sem stunda almennar náttúrurannsóknir eða söfnun náttúrugripa á vegum hins opinbera, skal frjáls för um lönd manna, en forðast skulu þeir óþarfa átroðning og skylt er þeim að greiða fullar bætur fyrir tjón, er þeir kunna að valda.

Sömu aðilum er og heimilt að safna náttúrugripum hvar sem er, án þess að endurgjald komi fyrir. Þetta gildir þó ekki, ef um er að ræða náttúrugripi, sem fématir eru fyrir landeiganda eða aðra réttihafa lands.

Nú leiðir rannsókn í ljós verðmæti, sem áður voru ókunn, og ber þá rannsakanda að tilkynna það réttihafa þess lands, þar sem verðmætin eru.

3. gr.

Íslenzkir ríkisborgarar skulu hafa forgangsrétt til almennra rannsókna á náttúru Íslands.

Ráðherra getur, að fengnum tillögum Náttúrufræðistofnunar Íslands, veitt erlendum náttúrufræðingum heimild til að stunda almennar náttúrurannsóknir hér á landi um tiltekinn tíma, enda hafi þeir samráð við stofnunina og láti henni í té skýrslur um rannsóknir sínar, allt samkvæmt nánari fyrirætlunum í reglugerð.

4. gr.

Skýlt er öllum þeim, er njóta opinbers styrks eða fyrirgreiðslu til almennra rannsókna á náttúru Íslands, að hafa samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands og láta henni árlega í té skýrslur um rannsóknirnar.

II. KAFLI

Náttúrufræðistofnun Íslands.

A. Hlutverk.

5. gr.

Aðalverkefni stofnunarinnar eru þessi:

- a. Að vera miðstöð almennra vísindalegra rannsókna á náttúru Íslands, vinna að slíkum rannsóknum, samræma þær og efla.
- b. Að koma upp sem fullkomnustu vísindalegu safni íslenzkra og erlendra náttúrugripa og varðveita það.
- c. Að koma upp sýningarsafni, er veiti sem gleggst yfirlit um náttúru Íslands og sé opið almenningi.
- d. Að hafa eftirlit með almennum rannsóknum erlendra náttúrufræðinga hér á landi og gæta íslenzkra hagsmuna í sambandi við þær.
- e. Að greina frá meginþáttum í starfsemi stofnunarinnar í árlegri skýrslu og frá niðurstöðum rannsókna í fræðslu- og vísindaritum.

6. gr.

Stofnunin skal annast fuglamerkingar, og hefur hún ein heimild til að láta merkja villta fugla á Íslandi.

B. Stjórn og skipulag.

7. gr.

Í Náttúrufræðistofnun Íslands skulu vera þrjár deildir, dýrafræðideild, grasafræðideild og jarðfræði- og landfræðideild.

8. gr.

Menntamálaráðherra fer með yfirstjórn stofnunarinnar og skipar að fengnum tillögum forstöðumanns deildarstjóra, sérfræðinga og annað starfslid hennar. Deildarstjórar skulu vera jafnmargir deildum stofnunarinnar og skulu þeir vera sérfræðingar í einhverri þeirra aðalgreina, sem falla undir viðkomandi deild. Ráðherra skipar einn deildarstjóranna forstöðumann stofnunarinnar til þriggja ára í senn og ákveður tölu sérfræðinga og annarra starfsmanna eftir því sem þörf krefur og fé er veitt til í fjárlögum.

Deildarstjórar og sérfræðingar skulu hafa lokið doktorsprófi, meistaraprófi eða öðrum hliðstæðum háskólaprófum í fræðigreinum sínum.

9. gr.

Forstöðumaður fer með stjórn sameiginlegra málefna stofnunarinnar, en deildarstjórar stjórna og bera ábyrgð á daglegum störfum og rekstri deilda sinna.

Deildarstjórar koma fram gagnvart innlendum og erlendum aðilum sem fulltrúar deilda sinna, en forstöðumaður er auk þess í fyrirsvari fyrir stofnunina í heild.

C. Fjármál.

10. gr.

Tekjur Náttúrufræðistofnunar Íslands eru:

- a. Fé, sem veitt er til stofnunarinnar í fjárlögum eða að öðru leyti af opinberri hálfu.
- b. Greiðslur fyrir verk, sem unnin eru fyrir einstaklinga, félög eða stofnanir.
- c. Framlög eða gjafir einstaklinga, félaga eða stofnana.
- d. Aðrar tekjur.

11. gr.

Laun starfsliðs stofnunarinnar skulu ákveðin á sama hátt og annarra starfsmanna ríkisins, sbr. lög nr. 55/1962.

D. Almenn ákvæði.

12. gr.

Náttúrufræðistofnun Íslands skal eiga aðgang að vísindalegum upplýsingum, sem opinberar stofnanir geta í té látið og varða starfsemi hennar.

13. gr.

Stofnunin skal ekki veita viðtöku gripagjöfum, ef þeim fylgja kvaðir um aðra meðferð þeirra en annarra muna stofnunarinnar. Heimilt er þó að veita undanþágu frá þessu ákvæði, ef viðkomandi deildarstjóri mælir með því og forstöðumaður telur sérstaka ástæðu til.

Oheimilt er að lána sýningargripi stofnunarinnar.

14. gr.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um rekstur og starfsemi stofnunarinnar.

15. gr.

Með gildistöku laga þessara falla úr gildi eftirtalin lög og lagaákvæði:
Ákvæði I. og II. kafla laga nr. 68/1940, um náttúrurannsóknir, þau er lúta að almennum náttúrurannsóknum og afskiptum Rannsóknaráðs ríkisins af þeim.
Lög nr. 17/1951, um Náttúrugripasafn Íslands.
Önnur ákvæði eldri laga, sem ekki fá samrýmzt ákvæðum laga þessara.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frv. þetta var lagt fyrir síðasta Alþingi og fylgdu því svofelldar athugasemdir: „Frumvarp þetta er samið af atvinnumálanefnd ríkisins í samráði við starfsmenn Náttúrugripasafns Íslands. Menntamálaráðuneytið sendi Háskólanum frv. til umsagnar og er svarbréf háskólarektors, dags. 12. jan. 1961, birt hér sem fylgiskjal. Ábendingar rektors um breytingar á 9. gr., 2. málsg., 10. og 13. gr., hafa verið teknar til greina, og vakin er athygli á ummælum hans um athugasemd í greinargerð atvinnumálanefndar við 10. gr., d-lið. Þá hefur ráðuneytið gert þá breytingu á frumvarpinu, að setja í 11. gr. ákvæði um, að laun starfsmanna stofnunarinnar skuli ákveðin á sama hátt og annarra starfsmanna ríkisins, sbr. lög nr. 55/1962, en í frumvarpinu var svo mælt, að þau skyldu ákveðin í launalögum, sem var eðli-

legt á þeim tíma, er frumvarpið var samið (1960). Bætt er inn orðinu „vísindalegum“ í upphafi 12. gr., þannig, að stofnunin á eftir frv., eins og það nú er, að eiga aðgang að vísindalegum upplýsingum, sem aðrar stofnanir geta í té látið og varða starfsemi hennar, en ekki upplýsingum almennt.

Frumvarpinu fylgdi svofelld greinargerð frá atvinnumálanefnd:

„1. Almennar upplýsingar.

Með lögum nr. 68/1940, um náttúrurannsóknir, var sett heildarlöggjöf um allar náttúrurannsóknir hér á landi, bæði hinar almennu (undirstöðurannsóknir) og hagnýtu rannsóknir. Meginkafla laganna (III. kafla) fjallar um Atvinnudeild Háskólans og hinar hagnýtu rannsóknir, en framan við hann var skeytt tveimur smáköflum (I. og II. kafla), sem fjalla um hinar almennu rannsóknir og Rannsóknaráð ríkisins. Þegar þessi lög voru sett, var engin stofnun í landinu, sem gat annast og haft umsjón með hinum almennu rannsóknum. Það var því ekki eðlilegt, að Rannsóknaráði væri falið að gegna því hlutverki, sem slík stofnun, ef til hefði verið, hefði átt að hafa með höndum.

Í ársbyrjun 1947 var Náttúrugripasafnið gert að ríkisstofnun og jafnframt voru ráðnir að safninu fastir starfsmenn. Með þessari ráðstöfun var sett á laggirnar opinber stofnun, er að sjálfsögðu ber, eins og ríkissöfnum í öðrum löndum, að annast og hafa forustu um hinar almennu rannsóknir á sviði dýrafræði, grasfræði, jarðfræði og landfræði. Í framhaldi af þessari ráðstöfun hefði að sjálfsögðu átt að endurskoða lög frá 1940 og breyta þeim til samræmis við hinar breyttu aðstæður, en þetta hefur þó enn ekki verið gert, enda þótt nú séu liðin 13 ár frá því að Náttúrugripasafnið tók til starfa sem ríkisstofnun.

Á Alþingi 1951 voru sett lög um Náttúrugripasafn Íslands. Haustið 1950, er verið var að undirbúa þessa lagasetningu, varð brátt ljóst, að erfitt myndi reynast að ákveða á viðunandi hátt, hver ættu að vera hlutverk Náttúrugripasafnsins, þar sem sum af hinum sjálfsögðu hlutverkum þess voru þá þegar með lögum falin öðrum aðila, þ. e. a. s. Rannsóknaráði ríkisins. Kom þá til tals að endurskoða lög um náttúrurannsóknir frá 1940 og skapa með því gleggri verkaskiptingu milli Rannsóknaráðs og Náttúrugripasafnsins. Úr þessu varð þó ekki og frumvarp til laga um Náttúrugripasafn Íslands var því lagt fyrir Alþingi og síðar samþykkt, eftir að felld höfðu verið úr frumvarpinu ýmis ákvæði varðandi verkefni, er ekki þótti fært, að væru falin bæði safninu og Rannsóknaráði. Eigi að síður varð ekki hjá því komizt, að hlutverk beggja þessara aðilja, eins og þau eru nú ákveðin í lögum, væru að nokkru leyti hin sömu. Menntamálanefnd Nd. Alþingis, sem á sínum tíma fjallaði um frumvarp til laga um Náttúrugripasafn Íslands, var líka ljós sú veila, er felst í því að tveimur opinberum aðilum væru að nokkru leyti falin hin sömu verkefni, og í nefndaráliiti sínu um málið fórust henni þannig orð um þetta atriði: „Jafnframt vill nefndin vekja athygli á því, að ástæða væri til að athuga, hvort ekki væri hægt að samræma störf Rannsóknaráðs ríkisins, Atvinnudeildar Háskólans og Náttúrugripasafns Íslands betur en gert hefur verið hingað til“.

Meðfylgjandi frumvarp er samið fyrir tilstilli Atvinnumálanefndar ríkisins. Hefur nefndin samið frumvarp til laga um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, sem koma á í stað laga um náttúrurannsóknir nr. 68/1940. Þar sem lög frá 1940 fjölluðu einnig um hinar almennu rannsóknir, varð ekki hjá því komizt, að taka nú einnig til endurskoðunar lög um Náttúrugripasafn Íslands nr. 17/1951 og fella inn í þau ýmis ákvæði laganna frá 1940 varðandi hinar almennu rannsóknir, sem ekki voru tekin upp í lög um Náttúrugripasafn Íslands árið 1951.

Þetta er meginástæða þess, að samið hefur verið frumvarp það um Náttúrufræðistofnun Íslands, sem hér er lagt fram. Við samningu frumvarpsins hefur verið haft samráð við forstöðumann og deildarstjóra Náttúrugripasafnsins og ríkir enginn ágreiningur um efni þess. Hafa ákvæði laga um Náttúrugripasafn Íslands nr. 17/1951

sætt rækilegri endurskoðun að efni til og reynt hefur verið að gera þau skýrari og fyllri en verið hefur. Auk þess eru í frumvarpinu ýmis nýmæli, sem kveða nánar á um hlutverk safnsins og verkaskiptingu milli þess og annarra rannsóknarstofnana í landinu.

2. Helztu breytingar.

Það frumvarp til laga, sem hér liggur fyrir, gerir ráð fyrir eftirfarandi meginbreytingum á lögum nr. 17/1951 um Náttúrugripasafn Íslands:

1. Nafnið breytist úr Náttúrugripasafn Íslands í Náttúrufræðistofnun Íslands. Fyrra nafn stofnunarinnar hefur valdið töluverðum misskilningi. Margir hafa álitnið, að verkefni stofnunarinnar hafi fyrst og fremst eða jafnvel eingöngu verið að safna náttúrugripum til sýnis fyrir almenning. Því er lagt til, að nafninu verði breytt og áherzla lögð á meginverkefni stofnunarinnar, sem er vísindalegar rannsóknir á náttúru landsins.
2. Inn í þetta frumvarp eru felld ýmis ákvæði úr lögum nr. 68/1940 um náttúru-rannsóknir, sem áður voru í verkahring Rannsóknaráðs ríkisins. 2., 3. og 4. gr. frumvarpsins eru efnislega samhljóða 1., 2., 3. og 6. gr. fyrrnefndra laga. Sömu-leiðis er d-liður 5. gr. frumvarpsins, sem fjallar um hlutverk stofnunarinnar, efnislega samhljóða fyrri hluta 4. liðs 5. gr. sömu laga. Með þessu eru almenn ákvæði um náttúru-rannsóknir innlendra og erlendra manna tengd Náttúru-fræðistofnun Íslands og stofnuninni falið eftirlit með almennum rannsóknum erlendra náttúrufræðinga. Eins og minnst er á að framan, hefur þessi samræming á hlutverkum Náttúrugripasafnsins og Rannsóknaráðs ríkisins áður verið talin nauðsynleg, þótt ekki hafi orðið úr henni fyrr, enda hefur safnið að meira eða minna leyti annazt þessi verkefni undanfarin ár samkvæmt ósk Rannsóknaráðs.
3. Í lögum nr. 17/1951 er það talið fremst í aðalhlutverkum safnsins að safna náttúrugripum og varðveita þá. Í þessu frumvarpi er þessu breytt og fyrst talið það mikilvæga verkefni stofnunarinnar að vera miðstöð almennra vísindalegra rannsókna á náttúru landsins.

3. Skýringar við einstakar greinar.

Um I. kafla.

Þessi kafli fjallar um almennar náttúru-rannsóknir og er efnislega að mestu samhljóða I. kafla laga nr. 68/1940.

Um 1. gr.

Í þessari grein eru almennar náttúru-rannsóknir skilgreindar sem undirstöðu-rannsóknir í dýrafræði, grasufræði, jarðfræði og landfræði. Með undirstöðurannsóknnum er átt við rannsóknir, sem ekki hafa beint hagnýtt gildi fyrir atvinnuvegi landsins.

Rétt þykir að fela menntamálaráðherra yfirumsjón þessara mála, jafnframt því sem hann fer með yfirstjórn Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Um 2. gr.

Þessi grein er efnislega samhljóða 3. gr. laga nr. 68/1940. Þó er hér skýrar tekið fram, að náttúrufræðingum, sem stunda almennar náttúru-rannsóknir á vegum hins opinbera, skuli frjálst að ferðast um lönd manna, en því ákvæði að sjálfsögðu jafnframt haldið, að þeir skuli forðast óþarfa átroðning.

Þá er bætt við ákvæði til þess að tryggja, að þessir sömu aðilar geti hindrunarlaust aflað náttúrugripa til vísindalegra þarfa, án þess að slíkt hafi í för með sér óhæfilegan kostnað, en samtímis tekið skýrt fram, að það ákvæði eigi ekki við, ef um er að ræða fémæta náttúrugripi fyrir rétthafa lands.

Um 3. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru í samræmi við ákvæði 1. og 2. gr. laga nr. 68/1940, nema hvað þau eru nú látin ná aðeins til náttúrufræðinga og Náttúrufræðistofnunar Íslands er falið það hlutverk, sem Rannsóknaráð ríkisins hefur í þessu sambandi samkvæmt lögum nr. 68/1940.

Um 4. gr.

Þessi grein er í samræmi við 6. gr. laga nr. 68/1940, nema hvað Náttúrufræðistofnun Íslands kemur í stað Rannsóknaráðs ríkisins.

Um II. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um Náttúrufræðistofnun Íslands, hlutverk hennar, stjórn, skipulag og fjármál, auk nokkurra almennra ákvæða.

Flest þeirra ákvæða, sem hér er að finna, eru í samræmi við lög nr. 17/1951 um Náttúrugripasafn Íslands, sum jafnvel tekin orðrétt úr þeim lögum, en önnur eru í samræmi við ákvæði í 5. gr. laga nr. 68/1940.

Um 5. gr.

Þessi grein fjallar um aðalhlutverk Náttúrufræðistofnunar Íslands. Lögð er áhersla á að Náttúrufræðistofnun Íslands sé vísindaleg rannsóknastofnun, með því að telja það verkefni hennar fyrst. Í samræmi við þetta hefur stofnuninni verið valið heitið Náttúrufræðistofnun Íslands í stað Náttúrugripasafns Íslands. Þó getur stofnunin eðlilega eftir sem áður haldið nafninu Náttúrugripasafn Íslands á sýningarsafninu, ef það er talið æskilegt.

Meðal annarra menningarþjóða eru stofnanir hliðstæðar Náttúrugripasafni Íslands fyrst orðnar til sem hrein söfn, eða því sem næst, sem safna saman sem fjölbreyttum náttúrugripum og varðveita þá, jafnframt því sem reynt er að hafa eins mikinn hluta þeirra til sýnis fyrir almennung og við verður komið. Smám saman hefur starfsemin jafnframt beint inn á þá braut, að athuga og rannsaka þessi gögn og notfæra sér þau til þess að öðlast frekari þekkingu á náttúru viðkomandi lands. Jafnframt því sem almennur skilningur hefur aukizt á nauðsyn þess, að afla haldgóðrar þekkingar á náttúru hvers lands, hafa rannsóknaverkefni slíkra stofnana alls staðar aukizt og orðið meginþáttur í starfsemi þeirra. Því hefur nöfnunum stofnananna víða verið breytt og áhersla lögð á hið fræðilega rannsóknarverkefni, enda þótt stofnanirnar hafi eftir sem áður haldið þeim hætti, að hafa náttúrugripi til sýnis fyrir almennung til fræðslu og ánægju. Þessi þróun hefur einnig orðið hér á landi, og er því lagt til, að nafni stofnunarinnar verði breytt og áhersla lögð á hið vísindalega verkefni hennar.

Liður a er efnislega samhljóða lið 1 í 5. gr. laga nr. 68/1940 og lið 4 í 2. gr. laga nr. 17/1951. Ákveðið er, að Náttúrufræðistofnun Íslands skuli vera miðstöð almennra rannsókna á náttúru Íslands. Eðlilegt virðist, að stofnunin gegni því mikilvæga hlutverki.

Liðirnir b og c eru í samræmi við liðina 1 og 2 í 2. gr. laga nr. 17/1951. Hér er tekið fram, að stofnunin skuli safna og hafa náttúrugripi til sýnis fyrir almennung eftir sem áður og þrátt fyrir nafnbreytinguna. Liður d er í samræmi við lið 4 í 5. gr. laga nr. 68/1940. Náttúrufræðistofnuninni er falið að annast það eftirlit með almennum rannsóknum erlendra náttúrufræðinga, sem Rannsóknaráð ríkisins hafði áður.

Liður e er í samræmi við meginákvæði 3. gr. laga nr. 17/1951, en þó með þeirri breytingu, að ekki þótti rétt að binda útgáfustarfsemi stofnunarinnar með lögum við rit Náttúrugripasafnsins, Acta Naturalia Islandica, heldur almennt við fræðslu- og vísindarit. Þó mun Acta Naturalia Islandica eðlilega halda áfram að koma út.

Um 6. gr.

Ákvæði þessarar greinar er í samræmi við lið 3 í 2. gr. laga nr. 17/1951 og 1. málsgr. 25. gr. laga nr. 63/1954 um fuglaveiðar og fuglafriðun.

Um 7. gr.

Ákvæði þessarar greinar er tekið óbreytt úr 1. gr. laga nr. 17/1951, nema með breyttu nafni stofnunarinnar. Til greina kom að mynda við stofnunina deild í vatnalíffræði. Ekki verður deilt um nauðsyn þess, að stofnunin hefji sem fyrst almennar rannsóknir á lifi í ám og vötnum landsins, engu síður en á dýralífi á landi og í lofti, en talið var að slíkar rannsóknir gætu fallið undir dýrafræðideild, að minnsta kosti um sinn, enda ekki fáanlegur sérfræðingur á þessu sviði eins og er. Úr þessu verður að bæta sem allra fyrst.

Um 8. gr.

Flest ákvæði þessarar greinar eru í samræmi við ákvæði í 5. gr. laga nr. 17/1951.

Í þeim lögum er þó ekki skilgreint, hvaða ráðherra fari með málefni Náttúrugripasafnsins. Þetta hefur frá fyrstu tíð fallið í hlut menntamálaráðherra, og þykir eðlilegt, að fela þeim ráðherra yfirstjórn Náttúrufræðistofnunarinnar.

Í lögum nr. 17/1951 er ákvæði þess efnis, að deildarstjórar skiptist á um að fara með yfirstjórn sameiginlegra mála safnsins, í þrjú ár hver. Ekki þykir nauðsynlegt eða æskilegt að binda deildarstjóra þessari skyldu með lögum. Deildarstjórar kunna að vera misjafnlega til slíkra starfa fallnir og ekki virðist heldur ólíklegt að stofnuninni vaxi fiskur um hrygg og störf forstöðumanns verði allveruleg, þannig að ekki sé æskilegt, að um hann sé skipt að ástæðulausu. Samkvæmt þessu frumvarpi er þetta þó opið áfram, þar sem ráðherra skipar einn deildarstjórana forstöðumann, aðeins til þriggja ára í senn.

Í 5. gr. laga nr. 17/1951 segir, að ráðherra sé heimilt, að fenginni fjárveitingu, að ráða annað starfslið að Náttúrugripasafninu en deildarstjóra um eitt ár í senn, ef sérstök ástæða virðist til. Slík tímatakörkun er ákaflega vafasöm, því erfitt er að fá dugandi starfslið við slík skilyrði. Þessi tímatakörkun er því felld niður í þessu frumvarpi og ráðherra falið að meta aðstæður og málavöxtu og ákveða tölu sérfræðinga og annarra starfsmanna hverju sinni eins og fjárveitingar til stofnunarinnar leyfa. Ráðherra skipar deildarstjóra og annað starfslið að fengnum til lögum forstöðumanns. Þó að forstöðumaður sé jafnframt einn af deildarstjórunum, veldur þetta engum erfiðleikum, þar sem stofnunin er þegar starfandi, og því aðeins um ráðningu á nýju starfsliði að ræða.

Ákvæðið um menntun deildarstjóra er í samræmi við 5. gr. laga nr. 17/1951, en er nú einnig látið ná til sérfræðinga stofnunarinnar. Slíkt þykir eðlilegt, þar sem störf sérfræðinga eru mjög lítið frábrugðin störfum deildarstjóra. Ákvæði um menntun sérfræðinga og deildarstjóra stofnunarinnar er í fullu samræmi við það, sem tíðkast við sambærilegar stofnanir erlendis.

Um 9. gr.

Í þessari grein er að finna nokkur höfuðákvæði um fyrirkomulag á daglegu starfi stofnunarinnar.

Forstöðumaður fer með stjórn sameiginlegra málefna, en hver deild er að miklu leyti sjálfstæð undir stjórn deildarstjóra, sem ber ábyrgð á rekstri hennar og störfum. Ákvæði um þetta er ekki að finna í lögum nr. 17/1951, en í þetta horf hefur fyrirkomulag á starfsemi Náttúrugripasafnsins smám saman færzt og hefur gefið góða raun.

Ákvæðið um, að deildarstjórar og forstöðumaður stofnunarinnar komi fram gagnvart innlendum og erlendum aðilum sem fulltrúar landsins í þeim fræðigreinum, sem heyra undir deildir þeirra, er að nokkru leyti í samræmi við ákvæði í lið 4 í 5. gr. laga nr. 68/1940, en ítarlegar orðað. Varla er um aðra aðila að ræða í þessu skyni.

Til mála kom að setja í frumvarpið nánari ákvæði um störf sérfræðinga. Slíkt þótti þó ekki nauðsynlegt. Sérfræðingar hljóta ávallt að hlíta yfirstjórn viðkomandi deildarstjóra um verkaskiptingu og verkefnaval.

Um 10. gr.

Í þessari grein fjallar um tekjur Náttúrufræðistofnunarinnar.

Stofnunin mun að öllum líkindum fá tekjur sínar að langmestu leyti á fjárlögum ríkisins eins og verið hefur, og gert er ráð fyrir í lið a. Til greina getur þó komið, að stofnunin taki að sér sérstök verkefni fyrir einstaklinga og hljóti greiðslu fyrir, og gert er ráð fyrir þeim möguleika í lið b. Starfssvið stofnunarinnar er þó slíkt, að varla mun vera tími aflögu til slíkra starfa, ef sinnt er eins og þarf því mikilvæga verkefni, að kanna almennt náttúru landsins.

Algengt er erlendis, að einstaklingar, félög og stofnanir láti gjafir af hendi rakna við rannsóknastofnanir á borð við Náttúrufræðistofnunina. Lítið hefur verið um slíkt hér á landi, en gert er ráð fyrir þeim möguleika í lið c.

Af öðrum hugsanlegum tekjum (liður d) má nefna tekjur af happdrætti Háskóla Íslands, sem staðið hafa að verulegu leyti undir stofnkostnaði Náttúrugripasafnsins, o. fl.

Um 11. gr.

Þar sem Náttúrufræðistofnun Íslands er hrein ríkisstofnun þykir eðlilegt að laun starfslíðs séu ákveðin í launalögum. Kjör starfslíðs verða jafnframt að vera í samræmi við það, sem aðrar rannsóknastofnanir bjóða. Undanfarið hafa sérfræðingar við Náttúrugripasafnið hlotið nokkuð lakari kjör en t. d. sérfræðingar við Atvinnudeild Háskólans. Þetta er óeðlilegt, og nauðsynlegt að lagfæra.

Um 12. gr.

Þessi grein þarfnast ekki skýringar.

Um 13. gr.

Ákvæði þessarar greinar er ekki að finna í lögum nr. 17/1951, en þau eru sett hér að fenginni reynslu. Það er ógjörningur að veita gripagjöfum viðtöku, ef hverri gjöf fylgja skilyrði um sérstaka meðferð hennar. Sömuleiðis er óæskilegt að lána sýningargripi. Þegar slíkt hefur verið gert á Náttúrugripasafninu, er ekki óalgengt, að gripunum hafi verið skilað aftur sködduðum.

Um 14. gr.

Þessi grein þarfnast ekki skýringar.

Um 15. gr.

Þessi grein þarfnast ekki skýringar.

Um 16. gr.

Þessi grein þarfnast ekki skýringar.“

Fylgiskjal.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Reykjavík, 12. janúar 1961.

Frumvarp til laga um náttúrurannsóknir og Náttúrufræðistofnun Íslands. Db. rn. N—1.

Með bréfi, dags. 4. nóv. s. l., voru drög til ofangreinds lagafrumvarps send Háskóla Íslands til umsagnar. Frumvarpið var rætt á háskólaráðsfundi, og var mér þar falið að kanna frumvarpið og rita hæstvirtu ráðuneyti síðan um athuganir mínar.

Í greinargerð, er fylgir frumvarpinu, er sýnt ljóslega fram á þörfina á því, að heildarlög séu sett um þau efni, er greinir í frumvarpinu. Í frumvarpinu eru skýrð mörkin milli Rannsóknaráðs ríkisins og Náttúrugripasafns Íslands, sem nefnt er Náttúrufræðistofnun Íslands í frumvarpinu, og hinu síðarnefnda falin nokkur

verkefni, er lotið hafa rannsóknaráðinu, þótt þau í eðli sínu hafi jafnan verið tengd-
ari Náttúrugripasafni. Að öðru leyti er hér lagt til, að steipt sé í einn lagabálk lög-
um 17/1951 um Náttúrugripasafn Íslands og ákvæðum I. kafla laga 68/1940 um
náttúrurannsóknir.

Tekið skal þegar fram, að frá sjónarmiði Háskólans er ekki ástæða til sér-
stakra athugasemda við frumvarpsdrög þessi, enda gera þau ekki ráð fyrir neinni
breytingu á tengslunum milli Háskólans og Náttúrugripasafns. Hins vegar er fullt
efni til að minnst hér á þá höfuðþörf, sem á því er, að koma á stofn kennslu í nátt-
úruvísindum við Háskóla Íslands. Þegar til slíkrar kennslu verður stofnað, þarf að
nýju að endurskoða stöðu safnsins og tengsl þess við Háskólann.

Athugun á frumvarpinu leiðir í ljós, að það er vandvirknislega samið. Benda
má á, að efni 6. gr. frumvarpsins er þegar í gildandi lögum, þ. e. í 25. gr., 1. málsg-
laga 63/1954 um fuglaveiðar og fuglafriðun. Fer illa á, að slík ákvæði séu á tveimur
stöðum í lögum. Að efni til á ákvæðið betur heima í lögum um náttúrugripasafn,
en þá ætti að fella það brott úr lögum 63/1954. Ákvæði 9. gr. 2. málsg-
r. er ekki við-
felldið í núverandi búningi, og efast ég um, að þar komi fram réttilega sú hugsun,
sem vakað hefur fyrir semjendum. Mér skilst, að hér sé til þess stofnað, að kveða
efnislega á um administrativa verkaskiptingu, og ætti ákvæðið þá að vera á þessa
leið:

„Deildarstjórar koma fram gagnvart innlendum og erlendum aðiljum sem full-
trúar deilda sinna, en forstöðumaður er auk þess í fyrirsvari fyrir stofnunina í
heild.“ Í 10. gr. frumvarpsins, a-lið, er heppilegra orðalag á þessa leið: „a. Fé, sem
veitt er til stofnunarinnar í fjárlögum eða að öðru leyti af opinberri hálfu.“ Í 13.
gr., í lok málsliðs, á að vera „stofnunarinnar“ í stað safnsins. Í 15. gr., 2. málsg-
r., gætir misskilnings, og ætti sú málsgrein að orðast svo: „Ákvæði I. kafla laga nr.
68/1940 um náttúrurannsóknir“.

Að lokum vil ég benda á athugasemd í greinargerð við 10. gr., d-lið. Segir þar:
„Af öðrum hugsanlegum tekjum (liður d) má nefna tekjur af happdrætti Háskóla
Íslands, sem staðið hefur að verulegu leyti undir stofnkostnaði Náttúrugripasafns-
ins o. fl.“ Framlag happdrættisins til safnsins er einskorðað við það, að happdrættið
stendur straum að vissu marki af byggingarkostnaði. Er alrangt að telja þessi fram-
lög til tekna safnsins, og fer ég þess eindregið á leit vegna Háskólans, að þessi at-
hugasemd sé niður felld úr væntanlegri greinargerð.

Til viðbótar þessum athugasemdum þykir rétt að benda á það af Háskólans
hendi, að höfuðþörf er á, að heildarlög verði sett hér á landi um undirstöðurann-
sóknir almennt. Ef að því ráði yrði horfið, myndu lög um náttúrurannsóknir verða
einn þáttur þeirra. Þessi hugmynd er þó ekki því til fyrirstöðu, að framangreint
frumvarp verði lögfest nú, enda er síðar hægt að fella þau lög, sem til yrðu á grund-
velli frumvarpsins, inn í heildarlög um undirstöðurannsóknir.

Með sérstakri virðingu,
Ármann Snævarr, rektor.

Til Menntamálaráðuneytisins, Reykjavík.